

## Hvanneyrarbúið ehf. – 2. fundur stjórnar haldinn 17. til 24. desember 2015 (rafrænn).

Þátt tóku Þóroddur Sveinsson (ÞS; formaður), Pétur Diðriksson (PD), Jón Hallsteinn Hallsson (JHH; ritar fundargerð), Egill Gunnarsson (EG; bústjóri Hvanneyrarbúsins).

1. Framvinda mála frá síðasta stjórnarfundi (ÞS og EG).
  - ✓ (ÞS) Búið er að flytja greiðslumark mjólkur frá Möðruvöllum á Hvanneyri og mun það bæta afkomu félagsins verulega. Það er þó útilokað að við náum að fullnýta greiðslumarkið.
  - ✓ (EG) Greitt fékkst það sem búið var að framleiða umfram greiðslumark á árinu 2015. Staðan um áramót er því töluvert skárri miðað við áætlanir sem kynntar voru á síðasta stjórnarfundi.
  - ✓ (EG) Gjöld hafa verið umtalsvert hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Munar þar helst um rukkun á búnaðargjaldi samtals 1.100 þús, sem er greitt fyrir 2 ár miðað við fyrri veltu. Fæst að hluta endurgreitt, en þó ekki fyrir en í ágúst.
  - ✓ (EG) Nautin fara í slátrun í dag [22. desember], og verður greitt vegna þeirra 28 desember.
  - ✓ (ÞS) Ríkiseignir hafa samþykkt ósk Lbhí um að greiðslumark í ærgildum sem fylgir Hvanneyrarjörðinni verði flutt á Hest, en MAST á eftir að afgreiða þá umsókn.
  - ✓ (ÞS) Lbhí hefur fengið heimild til að auka hlutafé sitt í félaginu til að greiða upp hluta af skuldum frá tímum Grímshaga. Ekki er ljóst á þessum tíma hve há heimildin er.
  - ✓ (ÞS) Hægt gengur að leysa deilur leigjenda í Þórulág við félagið.
  - ✓ (ÞS) Uppgjör við Lárus Pétursson bíður, en hann hefur ekki skilað af sér nauðsynlegum gögnum.
2. Samningur Hvanneyrarbúsins við Lbhí (ÞS).
  - ✓ Fyrir liggur uppkast að samstarfssamningi við Lbhí en hann átti að vera tilbúinn fyrir áramót. Fundi með rektorum og rekstrarstjóra sem boðaður var s.l. föstudag vegna samningsins var hins vegar frestað fram yfir áramót vegna anna.
3. Áætluð fjárhagsstaða Hvanneyrarbúsins í lok árs 2015 (EG).
  - ✓ Stefnt er að því að skammtíamaviðskiptakröfur standi á núlli 31. desember næstkomandi.
4. Rekstraráætlun 2016, umræða (EG).
  - ✓ (EG) Stefnt er að því að fyrstu drög að rekstraráætlun verði tilbúin fljótlega eftir áramót.

**Fleira ekki gert og fundi slitið.**